

Mánudaginn 2. mars 1981.

Nr. 120/1980. **Bjarni Stefánsson**
 gegn
Ævari Guðmundssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Bjarni Stefánsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 130.00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda Ævari Guðmundssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 350.00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 3. mars 1981.

Nr. 162/1980. **Ákærvaldið**
 (Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
 gegn
Brandi Jóhanni Skaftasyni
 (Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús P. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Dómi í máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að refsing ákærða verði þyngd.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt fram nýtt sakavottorð ákærða. Ber það með sér, að ákærði var í sakadómi Reykja-

víkur hinn 2. janúar 1980 dæmdur í 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hinn 30. s. m. sakfelldur fyrir brot gegn 248. gr. sömu laga, en ekki gerð refsing, og hinn 12. mars s. á. í 30 daga fangelsi fyrir brot gegn 4. gr., 25. gr., 26. gr. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga og var sviptur ökuleyfi ævilangt. Þá sætti hann 23. ágúst 1980 5.000 króna sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, sbr. 71. gr og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 1.500.00 krónur (nýkr.), og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 1.500.00 krónur (nýkr.).

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Brandur Jóhann Skaftason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 1.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 1.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Árnassýslu 7. desember 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 11. október 1979, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, dags. 5. apríl 1979, á hendur Brandi Jóhanni Skaftasyni sjómanni, Flögu í Villingaholtshreppi, fæddum 20. maí 1949 í Vík í Mýrdal, fyrir þjófnað skv. 244. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa mánudaginn 12. mars 1979 farið inn í verslunina London, Austurstræti 14 í Reykjavík, og stolið þar 83.500 kr. í peningum og ávísunum.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir.

Hinn 12. mars 1979 kærði Ketill Axelsson, Engihlíð 9, Reykjavík, þjófnað á peningum í versluninni London, Austurstræti 14, Reykjavík, til rannsóknarlögreglu ríkisins.

Kærandi skýrði svo frá, að versluninni London hefði verið lokað kl. 1800 þann dag og hefði hún verið mannlauð, þegar afgreiðslustúlkan hefði yfirgefið verslunina kl. 1830.

Kvaðst kærandi hafa komið að versluninni kl. 1900 og þá komið að útihurðinni ólæstri. Við eftirgrennslan hefði hann séð, að horfnir voru peningar úr peningakassanum. Sennilega um kr. 90.000 til kr. 105.000, sem hefði verið um helmingur þess, sem í peningaskápnnum ætti að vera. Kærandi kvaðst ekki sjá, að annað hefði horfið.

Einnig sagði kærandi, að Skúli Jóhannsson, þjónn á Hótel Borg, vissi um tvo menn, sem verið hefðu inni í versluninni milli kl. 1830—1900.

Lögglumenn fóru á Hótel Borg og ræddu við Skúla Jóhannsson. Sagði Skúli lögglumönnum, að hann hefði verið að mæta til vinnu á hótelinu, þegar tveir menn hefðu sagt honum, að gleymst hefði að læsa útihurðinni að Tóbaksversluninni London. Kvaðst Skúli hafa hringt heim til Ketils Axelssonar, eiganda verslunarinnar, en hann hefði þá verið á leiðinni í verslunina. Skúli kvaðst síðan hafa farið þangað og hitt Ketil og sagt honum frá þessum mönnum.

Skúli benti lögreglu á þessa menn, en þeir voru á barnum á Hótel Borg. Þarna var um að ræða ákærða í máli þessu og Albert Jónsson, Stórahofi, Rangárvallasýslu. Þar sem þeir voru allölvaðir og ekki hægt að taka af þeim skýrslur, voru þeir fluttir í fanga-geymslu lögglunnar í Reykjavík.

Ákærði í máli þessu hefur viðurkennt að hafa farið inn fyrir búðarborðið í Tóbaksversluninni London og tekið kr. 83.500 úr peningakassa, eftir að hann hefði uppgötvað, að enginn var til afgreiðslu í versluninni. Hefði hann verið einn að verki.

Hann hefði síðan farið í sund við Almennar tryggingar og stungið þar peningunum bak við snjó. Ákærði kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir, hvað þetta voru miklir peningar.

Ákærði fór með lögglumann á stað þennan. Voru peningarnir, samtals kr. 78.500, faldir þar við húsvegg. Kr. 75.000 í peningum og 3 ávísanir, samtals kr. 3.500.

Forráðamenn verslunarinnar Lodon sögðu hins vegar upphæðina, sem vantaði í kassann, vera kr. 83.500.

Varðandi þessa fullyrðingu forráðamanna verslunarinnar London kvað ákærði möguleika á því, að einn seðillinn, kr. 5.000, hefði týnst. Hins vegar kvaðst hann ekki hafa eytt neinu af peningum þessum. Ákærði kvaðst fús að greiða þessar kr. 5.000, sem hann gerði.

Niðurstöður.

Með hliðsjón af játningu ákærða, sem er í samræmi við gögn málsins, þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem um getur í ákæru og þar er réttilega heimfærð til refsí-ákvæða.

Refsing.

Ákærði er sakhæfur. Hann hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

- 1966 27/10 í Reykjavík: Sátt, kr. 400 sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1966 28/12 í Reykjavík: Sátt, kr. 200 sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1967 25/2 í Reykjavík: 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
Uppvís að brotum gegn 244. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 6/9 1967.
- 1967 21/6 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1967 26/7 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 217. gr. hegningarlaga og 21. gr. áfengislaga.
- 1968 Uppvís að brotum gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár.
- 1968 17/9 í Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 7. gr. áfengislaga.
- 1969 5/6 í Reykjavík: Dómur: 6 mán. fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga.
- 1969 20/6 í Reykjavík: Sakfelldur fyrir brot gegn 259. gr. hegningarlaga og 25. gr. umferðarlaga. Sviptur heimild til ökuréttinda í 1 ár.
- 1969 11/9 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1969 3/12 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

- 1971 7/10 í Reykjavík: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 7/10 1971.
- 1975 6/8 í Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga.
- 1976 9/3 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, 25. gr. og 3. mgr. 80. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ævilangt rétti til að öðlast ökuleyfi.
- 1976 30/3 í Reykjavík: Sátt, 7.000 kr. sekt fyrir brot gegn 1. gr. laga nr. 69/1936, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 105/1936 og 21. gr. áfengislaga.
- 1976 6/10 í Reykjavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1977 14/1 í Reykjavík: Dómur: 3 mán. fangelsi fyrir brot á 244. gr. og 247. gr. alm. hegningarlaga.
- 1977 17/4 í Reykjavík: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1978 7/4 í Reykjavík: Dómur: 200.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá 7/4 1978.
- 1978 11/5 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot á 245. gr. hegningarlaga.
- 1978 18/5 í Reykjavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1978 22/5 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga. Ekki gerð sérrefsing.

Með hliðsjón af öllum málavöxtum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði.

Enn fremur skal ákærði greiða allan kostnað sakar þessarar.

Karl F. Jóhannsson, fulltrúi sýslumannsins í Árnassýslu, kvað upp dóm þennan.

Dóms orð:

Ákærði, Brandur Jóhann Skaftason, sæti fangelsi í 4 mánuði. Ákærði greiði allan kostnað sakar þessarar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.